

Tillögur í grunnskólamálum

Samráðs- og vinnuferli - vinnuskjal

Lagt er til að samráðsferli við áframhaldandi þróun tillagna að umbótaverkefnum innan grunnskóla og innleiðingu þeirra verði með eftirfarandi hætti:

1. Samráðsteymi stjórnenda grunnskóla og menntasviðs (feb-apríl '25)

Samráðsteymi stjórnenda grunnskóla (skólastjórar og aðstoðarskólastjórar) og sérfræðinga menntasviðs er vettvangur til að þróa áfram tillögur að umbótaverkefnum innan grunnskóla Kópavogs sem taka mið af þeim áskorunum sem skólarnir standa frammi fyrir og koma þeim í farveg innan stýrihóps.

Verklag samráðsteymis:

- Skólastjórar, aðstoðarskólastjórar og grunnskóladeild sitja tvo 3-4 klst. vinnufundi þar sem ræddar verða tillögur að umbótaverkefnum sem nú liggja fyrir og nýjar eða tengdar tillögur að umbótaverkefnum útfærðar eftir því sem umræðum vindur fram.
- Skólastjórnendur leggja drög að tillögum um umbótaverkefni fyrir stjórnendateymi síns skóla auk teymis 8-10 kennara til umræðu og ábendinga.
- Samráðsteymi rýnir framkomnar ábendingar, gerir breytingar ef þarf og leggur tillögur fram til samþykkis innan teymis.

Verkefni almenns samráðsteymis er að:

- þróa áfram og móta endanlegar tillögur að umbótaverkefnum innan grunnskóla.
- samþykkja tillögur að umbótaverkefnum sem verða lagðar fyrir stýrihóp til umræðu/úrvinnslu og samþykktar.
- Móta tillögu að yfirmarkmiðum um árangur til 2030.

2. Stýrihópur (apríl-júní '25)

Stýrihópurinn er vettvangur kjörinna fulltrúa, stjórnslu, starfsfólks skóla og fulltrúa foreldra til að þróa áfram tillögur að umbótaverkefnum í grunnskólum Kópavogs, stuðla að farsælli innleiðingu verkefna og meta árangur af umbótum í skólastarfi.

Verklag stýrihóps:

- stýrihópurinn setur sér verklag.

Verkefni stýrihóps er að:

- Rýna tillögur samráðsteymis skólastjórnenda og menntasviðs að umbótaverkefnum innan grunnskóla Kópavogs.
- Samþykkja tillögur til nánari útfærslu hjá sérfræðingateymi umbóta, með áorðnum breytingum ef einhverjar.
- Rýna og samþykkja tillögur sérfræðingateymis um innleiðingu umbótaverkefna, mælikvarða árangurs og tímaramma.
- Samþykkja tillögu að yfirmarkmiðum um árangur til 2030.

Í stýrihópi sitja:

- Bæjarstjóri
- 2 úr menntaráði – formaður og einn úr minnihluta
- 2 skólastjórnendur (tilnefning innan hópsins)
- 3 foreldrar (Formaður stjórnar Samkóp og tveir tilnefndir úr stjórn)
- 1 kennari (Formaður Kennarafélags Kópavogs)
- Deildarstjóri grunnskóladeildar
- Sérfræðingur á grunnskóladeild menntasviðs
- Sviðsstjóri menntasviðs

3. Sérfræðingateymi umbóta (júní '25 – ágúst '25)

Stofnuð verða umbótateymi skipuð sérfræðingum á menntasviði ásamt fulltrúum grunnskóla og/eða foreldra eftir því sem við á, sem hafa það hlutverk að útfæra einstakar tillögur nánar. Sérfræðingateymin starfa í mislangan tíma í samræmi við eðli verkefna og leggja fram tillögu að verkáætlun sem lýsir innleiðingarferli, tímasettum aðgerðum og mælikvörðum.

Verklag sérfræðingateymis umbóta:

- Teymi skipuleggur vinnuna sem er framundan – ákveður fasta fundartíma og stað.
- Setur upp verkáætlun fyrir framkvæmd verkefnis
- Dregur saman gögn sem þarf að rýna (ef við á)
- Setur upp verkferil og verklag til að innleiða umbótaverkefni og ná áætlaðri útkomu

Verkefni sérfræðingateymis umbóta:

- Greina/kortleggja núverandi stöðu á sviði umbótaverkefnis.
- Móta verkáætlun með tímasettum aðgerðum og mælikvörðum og skilgreina ábyrgð
- Gera áhættumat fyrir framkvæmd (eins og við á)

Í sérfræðingateymi umbóta sitja:

- Sérfræðingur/-ar á grunnskóladeild menntasviðs
- Fulltrúar stjórnenda og/eða kennara með sérþekkingu á viðkomandi verkefni eftir því sem við á
- Fulltrúar foreldra ef við á
- Fulltrúar nemenda ef við á

4. Menntasvið (ágúst '25-)

Verklag menntasviðs:

- menntasvið fylgir eigin verklagi

Verkefni menntasviðs er að:

- Færa viðkomandi verkáætlanir frá sérfræðingateymum inn í aðgerðaráætlun menntastefnu (þ.e. þau sem er ekki þegar þar inni)
- Styðja við innleiðingu umbótaverkefna innan grunnskóla Kópavogs
- Greina hvort viðbótarfjármagn þurfi til innleiðingar einstakra umbótaverkefna sbr. forgangsörðun verkefna í árlegri fjárhagsáætlunargerð.
- Upplýsa menntaráð reglubundið um framgang umbótaverkefna.

FYLGISKJAL – form fyrir verklag sérfræðingateymis umbóta

Heiti umbótaverkefnis: Markmið (framtíðarstaða):	Megináhersla:
ÁÆTLUN Núverandi staða: (stutt lýsing) Verkefnið: (hvert er markmið vinnu umbótaþóps) Áhættumat: greining á mögulegri áhættu; mat á áhættunni og leiðir til að fyrirbyggja að áhætta raungerist (áhættstjórnun)	VERKLAG UMBÓTATEYMIS Framkvæmd Í umbótateymi sitja: X X X Umbótateymið kemur saman og: ✓ skipuleggur vinnuna sem framundan er – ákveður fundartíma og stað. ✓ setur upp verkáætlun fyrir framkvæmd verkefnis ✓ dregur saman gögn sem þarf að rýna ✓ setur upp verkferil og verklag til að framkvæmda verkefni og ná áætlaðri útkomu Tímarammi:

Eigandi: Stýrihópur: (ákvarðanatökuhópur) **Verkefnisstjóri:** Umbótateymi (þeir sem vinna verkið) **Ráðgjafi/ytri aðilar:**

AÐGERÐ	TÍMARAMMI	ÁBYRGÐ	
			X
	-		V
	-		X
			V
			V
			V
			X
			V